

# Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðningarferli hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu 2024 - MSS24080049

Þann 15. ágúst 2024 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði.

Eftirfarandi er svar slökkviliðsstjóra, Jóns Viðars Matthíassonar.

## Fyrirspurnin

Borgarráð 15. ágúst 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðningarferli hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins MSS24080049 Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig umsækjendur um störf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins eru metnir með tilliti til andlegra styrkleika í ljósi þess að starf slökkviliðs fólks er eitt álagsmesta starf sem hægt er að hugsa sér. Fulltrúi flokks fólksins hefur áhuga á að fá upplýsingar um hvaða ferli og prófanir eru notuð til að finna út hverjir passa í starfið. Ganga umsækjendur í gegnum ítarlegt sálfræðimat og sálfræðiviðtöl til að kanna andlegan styrk þeirra og getu til að standast andlegt álag áður en þeir fá inngöngu í Slökkviliðið?

## Greinargerð

Eins og allir vita bíður það slökkviliðsfólks að starfa jafnan við gríðarlega erfiðar aðstæður. Erfiðar upplifanir geta ýtt undir líkamleg og andleg streituvíðbrögð sem sýnt hefur verið að geti síðar leitt til áfallastreitu. Í kröfum um inntökuskilyrði segir eftirfarandi "Þær/þeir sem verða ráðnar/-ir til starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og ekki vera haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd" Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins lýtur að því hvernig þessir andlegu þættir eru metnir og hvort umsækjendur gangi undir ítarlegt sálfræðimat áður en umsókn þeirra er samþykkt. Það segir sig sjálf að starf eins og þetta hentar ekki öllum, þrátt fyrir að mörgum gæti þótt það spennandi vegna áskorana sem það krefst.

## Svar

Umsækjendur ganga í gegnum ákveðið mat til að kanna andlegan styrk og getu áður en þeir fá inngöngu í slökkviliðið. Inntökuforlinu sjálfu er ætlað að kanna hvernig umsækjendum líður í ákveðnum aðstæðum. Umsækjendur þurfa að fara blindandi í gegnum ákveðna þrautabraut, þar sem m.a. þarf að leysa ákveðna þraut og fara skríðandi í þröngt rými. Þá þurfa þeir að fara upp í ákveðna hæð þar sem þeir eru spurðir spurninga til að kanna hvernig almenn líðan sé við þær aðstæður. Þá fara umsækjendur í viðtal þar sem m.a. er kannað hvað þeir hafa reynt um ævina og hvort þeir þekki eigin viðbrögð við álagi eða áfalli.

Þá fara allir umsækjendur í ítarlega skoðun hjá lækni sem m.a. skoðar hvort saga sé um andleg veikindi og getur þá vísað umsækjendum áfram til geðlæknis eða sálfræðings.

SHS hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á andlegu hliðina hjá starfsfólkinu og var meðal annars fyrst viðbragðsaðila árið 1995 að þróa svo kallaðan félagastuðning fyrir starfsmenn í samvinnu við slökkviliðið í Gautaborg sem í dag er fyrirmynd fyrir aðra viðbragðsaðila hér á landi, t.d. lögregluna. Starfsfólki stendur einnig til boða að nýta sér þjónustu sálfræðings á kostnað SHS.

Hvað ítarlegra sálfræðimat varðar þá hefur þetta verið rætt innan slökkviliðsins en ekki hefur verið farið af stað í þá vinnu sem þyrfti til að tryggja réttmæti og áreiðanleika slíks mats þegar kemur að störfum

hjá SHS. SHS hefur í gegnum tíðina þróað inntökuferli sitt í takt við Norðurlöndin og tekið þátt í þróun þess. Umræða um að þróa slíkt mælitæki hefur verið til staðar t.d. í Noregi og Svíþjóð. SHS fylgist náið með þeirri framvindu þar sem SHS telur að áreiðanlegt og réttmætt mælitæki sem metur hve andlega tilbúið fólk er til að gegna störfum í varðliði SHS geti enn frekar bætt inntökuferlið.